

varnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Péturs Magnússonar hrm., er ákveðast kr. 150.00.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Valdimar Jóhannsson, sæti varðhaldi í 60 daga og greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Péturs Magnússonar hrm., kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. október 1941.

Nr. 74/1941. **Réttvísín** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Ríkharði G. Hafdal og Árna Sigursteinssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigurður bæjarfógeti Eggerz.

Með því að fallast má á héraðsdóminn þá ber að staðfesta hann.

Hinir ákærðu, Ríkharður G. Hafdal og Árni Sigursteinsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talinn málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 90 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Hinir ákærðu, Ríkharður G. Hafdal og Árni Sigursteinsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, 90 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Akureyrar 10. júní 1941.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Rikharði Gunnarssyni Hafdal, Hafnarstræti 37, Akureyri, og Árna Sigursteinssyni, Norðurgötu 16, Akureyri, fyrir brot á 26. kafla — auðgunarbrot — almennra hegningarlaga frá 12. febr. 1940 til hegningar, greiðslu iðgjalda, ef krafizt verður, og alls kostnaðar, er af máli þessu leiðir.

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt játningu beggja ákærðu fóru þeir um kl. 9,10 17. eða 18. jan. síðastl. frá heimili Árna Sigursteinssonar upp að geymsluhúsinu Valhöll.

Ákærði Rikharður Gunnarsson Hafdal hefur að vísu fyrst haldið því fram, að ákærði Árni hafi komið til hans, en hefur fallið frá því.

Geymsluhús þetta var leigt brezka setuliðinu. Þeir gengu að vestasta glugganum á suðurhluta hússins, en fyrir hann var hengdur pappi, lauslega negldur. Ýtti Árni pappa þessum frá með hendi, en Rikharður smaug inn um gluggann. Upp að glugganum var liðugur meter, og komst Rikharður, eftir því sem hann segir frá, upp í gluggann með því að stiga á fótstykki hússins, setti svo annan fótinn upp í gluggann og tók með höndunum poka, sem voru innan við gluggann. Rétti hann svo Árna út 4 pör af svörtum karlmannsskóm og 4 pör af gúmmistigvélum, en ákærður Rikharður heldur, að eitt þeirra hafi orðið eftir fyrir utan húsið, og enn rétti hann honum einn pakka með sólum, um 10 eða 12 samstæður.

Létu þeir þýfið í poka og skiptu því heima hjá Árna, þannig að Árni fékk 2 pör af svörtum karlmannaskóm, 2 pör af gúmmistigvélum, 5 eða 6 samstæður af sólum.

Ákærði Rikharð segir, að sig minni, að ákærði Árni hafi stungið upp á því við sig, áður en þeir frömdu innbrotið, að þeir skyldu taka eitthvað úr húsinu, en þessu neitar Árni, og hefur Rikharður fallið frá framburði sínum um þetta, en auk þess segir ákærður Árni, að ákærður Rikharður hafi bent á, að þeir skyldu sjá, hvað væri þarna í Valhöll, og segir, að úr því hafi svo orðið innbrotið.

Með þessu, sem hér er sagt, er þætti Árna lokið í innbrotinu. Ákærður Árni geymdi sinn hluta af þýfinu heima hjá sér undir divan. Hann hefur lítið eitt notað annað stigvélaparið, gúmmistigvélina, en hitt parið ónotað. Ákærður Árni segist hafa skrúfað skauta á bæði karlmannaskópörin og farið lítið eitt á skautum á þeim. Foreldrar hans, segir hann, að hafi ekki vitað um þýfið, og hið sama ber faðir hans fyrir réttinum.

Ákærður Rikharður hefur aftur játað, að hann hafi rétt fyrir

kl. 6 kvöldið þ. 27. jan. síðastl. farið inn í geymsluhúsið Valhöll um sama glugga, sem hann fór inn um, er hann drýgði fyrri afbrotið. Var nú virnet neglt fyrir gluggann, og ýtti ákærður því frá með hendinni án þess að rífa það. Tók hann tvö pör af gúmmistígvélum og faldi þau við húsið. Fór síðan aftur inn í húsið. Í þessi 2 skipti og fyrsta skiptið hafði hann vasaljós með sér. Hann ætlaði að taka eitthvað meira, en í því kom Englendingur og kveikti ljós, og er hann var farinn út, sá hann ákærða, sem faldi sig bak við kassa. Var hann svo tekinn og afhentur íslenzku lögreglunni. Þá hefur ákærður Rikharð viðurkent, að hann hafi í febrúar einhvern tíma farið inn í 2 geymsluhús, er setuliðið notar.

Fór hann þar inn að degi til, en Englendingar og aðrir voru þar að vinna, og greip 4 smádósir úr opnum kassa, stakk þeim í vasa sinn og fór heim með þær.

Enska lögreglan komst að því í febrúar, að teknar hefðu verið úr geymsluhúsum setuliðsins 3 dósir. Játaði ákærði, að hann hefði tekið dósir þessar og eina í viðbót. Var hættulegt efni í einni dósinni. Tvær dósirnar tók hann úr Höpfners sláturhúsi, en 2 úr geymsluhúsi inn á bryggju. Dósirnar fór hann með heim til sin og geymdi þær í herbergi sínu. Hina aðra muni, sem hann hafði tekið, geymdi hann einnig í herbergi sínu, sem hann svaf í með 12 ára bróður sínum.

Hann var í gúmmistígvélunum, er hann var tekinn, en segist aðeins einu sinni áður hafa farið í þau.

Hann segist hafa ætlað að brúka stígvélin, er hann í sumar kemur í sveitina.

Þegar ákærði Árne var spurður um, hvað hann hefði ætlað að gera við munina, sem hann tók, sagði hann, að hann hefði ekki verið búinn að taka ákvörðun um það.

Faðir ákærða Rikharðs hefur verið yfirheyrður. Segir hann, að ákærði hafi sagt sér, að hann á mánudagskvöldið, þegar hann var tekinn, þá hafi hann ætlað út að húsi kaupfélags verkamanna. En þegar það drógst, að hann kæmi heim, fór hann að leita að honum. Kl. 12½ kom ákærði heim. Sagði hann þá föður sínum, að lögreglan hefði tekið hann, og þá fyrst sagði hann honum einnig frá því, sem hann hafði stolið. Faðir hans hafði spurt hann áður um gúmmistígvélin, og sagði hann honum þá, að hann hefði fengið þau hjá Árna Sigursteinssyni.

Það þykir rétt að taka fram, að verðmæti þess, sem báðir ákærðu stálu, nam kr. 282.00.

Brot ákærðu beggja, sem komnir eru yfir lögaldur sakamanna, ber að heimfæra undir 244. gr. gildandi hegningarlaga, og ber að ákveða hegningu Rikharðs Gunnarssonar Hafdal, sem ekki hefur verið hegnt áður, 3 mánaða fangelsi. En þrátt fyrir að brot hans hafi verið þri-endurtekið, þá þykir sakir hins unga aldurs

hans, aðeins 15½ árs gamall, rétt að gera hegninguna skilyrðisbundna, þannig að fullnustu hegningarinnar skal fresta og hún falla niður eftir 3 ár, ef skilyrðum VI. kafla hegningarlaganna um skilyrðisbundinn refsíðóm er fullnægt.

Greindan reynslutíma skal ákærður vera háður eftirliti barnaverndarnefndar Akureyrar.

Hegningu ákærða Árna Sigursteinssonar ber að ákveða 3 mánaða fangelsi, og þykir, þar sem honum ekki hefur verið hegnt áður og þar sem hann einnig er ungur, rétt að gera hegninguna skilyrðisbundna, þannig að fullnustu hegningarinnar skal fresta og hún falla niður eftir 2 ár, ef skilyrði VI. kafla hegningarlaganna um skilyrðisbundinn refsíðóm er fullnægt.

Iðgjalda hefur eigi verið krafizt.

Ákærðu greiði in solidum allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal 100 kr. til hins skipaða talsmanns ákærða, fyrrv. bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Á málinu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Rikharður Gunnarsson Hafdal sæti 3 mánaða fangelsi, þannig að fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 3 ár, ef skilyrði VI. kafla hegningarlaganna um skilyrðisbundna refsíðóma er fullnægt.

Greindan reynslutíma skal ákærður vera háður eftirliti barnaverndarnefndar Akureyrar.

Ákærði Árni Sigursteinsson sæti 3 mánaða fangelsi, þannig að fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 2 ár, ef skilyrði VI. kafla hegningarlaganna um skilyrðisbundna refsíðóma er fullnægt.

Ákærðu greiði in solidum allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 100.00 til hins skipaða talsmanns ákærðu, fyrrv. bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.